



LISTIN Í NÁTTÚRUNNI

Formáli eftir forseta Íslands Ólaf Ragnar Grímsson

Hljómkviða litanna og blæbrigði ljóssins. Hvelving víðáttunnar og vindsorfin fjöllin. Örfasandar og fjölbreytileiki fjöruborðsins. Sköpunarverkið í stóru og smáu. Ásýnd Íslands; að morgni og að kveldi; vetur og vor. Sérhvern dag og allar nætur.

Það er ævintýri að vera hér á ferð; engu líkara en okkur sé boðið til upphafsins sem helgir textar eigna æðri mætti.

Er hægt að tjá Ísland með myndum eða orðum? Það hafa skáldin reynt og málarnir – og menning okkar varð auðugri að sama skapi en samt er landið áfram ögrandi viðfangsefni.

Í þessari bók birtir snjall myndasmiður galdurinn sem hann fann í náttúrunni og frábær vísindamaður og skáld fangar áhrifin með orðanna krafti. Saman leiða þeir lesendur um landið sem máttarvöldin færðu okkur.